

1936

358

122

3. gr.

30. okt.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. október 1936.

Haraldur Guðmundson.

Vígfús Einarsson.

123

12. nóv.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um hafnargjöld í Reykjavík frá 30. maí 1921.

Vörugjald af harðfiski samkvæmt 20. gr. reglugerðarinnar skal lækka úr 40 aurum fyrir hver 100 kg niður í 20 aura.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. janúar 1937.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. nóvember 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

124

16. nóv.

AUGLÝSING

um breyting á fundarsköpum fyrir bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar frá 18. ágúst 1930.

3. gr. fundarskapanna orðist þannig:

Fundir bæjarstjórnar eru tvennskonar, almennir fundir og aukafundir. Almennir fundir skulu haldnir þriðja hvern fimmtudag. Farist almennur fundur fyrir, vegna helgi eða af öðrum ástæðum, skal halda fund einhvern næsta virkan dag á eftir. Almennir fundir byrja kl. 4 e. h., og standa meðan dagskrá endist. Getur $\frac{1}{3}$ mættra fulltrúa heimtað, að slitið sé fundi á miðnætti, þótt dagskrá sé eigi afgreidd. Aukafundi skal halda svo oft sem bæjarstjóra þykir þurfa, á þeim stað og stundu, er hann ákveður. Hann skal og jafnan boða til aukafundar, ef 5 bæjarfulltrúar óska þess.

1. mgr. 12. gr. fundarskapanna orðist þannig:

Bæjarstjórn má ekki gera ályktun um nokkurt mál, nema minnst helmingur bæjarfulltrúanna, auk forseta eða varaforseta, sé á fundi. Atkvæðamagn skal